

Fréttabréf Foreldrafélags Sunnulækjarskóla



Fréttir félagsins

Kakófundur var haldinn Sunnulækjarskóla 14. Nóvember heppnaðist mjög vel og voru margir sem mættu og hlýddu á fyrirlesturinn um agavandamál og tæki sem hægt er að nota þegar þau koma upp.

Minum á **vestin** og **endurskinsmerki** núna þegar skammdegið er sem mest. Einnig gott að hafa **ljós á hjólum** þar sem veðurlíðan leyfir okkur að hjóla um ennþá.

Foreldrarölt verður komið á eftir áramót og vonum við að flestir verði jákvæðir og taki þátt í því góða forvarnarverkefni að rölta á fimmtudags- og föstudags-kvöldum. Farinn verður hringur um ákveðin svæði sem unga fólki safnast saman, bara til að vera sýnileg og til staðar. Verður nánar kynnt síðar.

Tenglastarf Við teljum mikilvægt að árgangar/bekkir hittist ásamt foreldrum svo fólk hafi tækifæri til að tala saman og hafa gaman. Einnig höfum við leitast eftir því að tenglar láti okkur vita hvað þeir hafi planað bæði fyrir utanumhald og upplýsinga fyrir komandi starf.

Greiðsluseðlar eru komnir í heimabankana. Hjálpumst að við að halda þessu góða starfi áfram sem við höfum áorkað með fjölda góðra fyrirlestra og gjafa sem nýtast öllum börnum skólans.

Næsti fundur verður haldinn 18 janúar.



Munum að njóta aðventunar og ekki gleyma okkur í jólastressinu. Gefum okkur tíma með börnunum.
Gleðileg Jól.